

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 15. febrúar í máli nr. E-1457/2011:

Landsbankinn hf.

(Þorvaldur Emil Jóhannesson hdl.)

gegn

Trausta Ágústssyni

(Konráð Jónsson hdl.)

Mál þetta höfðaði NBI hf., nú Landsbankinn hf., Austurstræti 11, Reykjavík, með stefnu birtri 22. mars 2011 á hendur Trausta Ágústssyni, Furugrund 42, Reykjavík. Málið var einnig höfðað á hendur Bisón ehf. og Ágústi Friðgeirssyni, en fallið var frá kröfum á hendur þeim. Málið var dómtekið að lokinni aðalmeðferð 24. janúar sl.

Stefnandi krefst þess að stefndi Trausti verði dæmdur til að greiða 9.000.000 króna, með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 frá 18. mars 2011 til greiðsludags. Þá krefst stefnandi málskostnaðar að viðbættum virðisaukaskatti af málflutningsþóknun.

Stefndi krefst sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hans hendi. Til vara krefst hann þess að krafan verði lækkuð.

Bisón ehf., sem upphaflega var stefnt í málinu, var með tékkareikning í útibúi stefnanda að Álfabakka 10. Skuld á reikningnum nam 9.483.727 krónum þann 10. febrúar 2011, en þá var reikningnum lokað. Með yfirlýsingu dags. 18. ágúst 2009 tókst stefndi á hendur sjálfskuldarábyrgð á allt að 9.000.000 króna skuld á þessum reikningi, auk vaxta og kostnaðar. Stefnandi kveðst hafa sent stefnda innheimtubréf 10. febrúar 2011.

Stefnandi byggir á meginreglum kröfu- og samningaréttar um greiðslu fjárskuldbindinga. Þá vísar hann til vaxtalaga.

Stefndi telur að lög um ábyrgðarmenn nr. 32/2009 gildi um ábyrgð sína. Hann hafi hvorki verið hluthafi í félaginu né haft fjárhagslegan ávinning af því að gangast undir ábyrgðina. Hann hafi verið skráður varastjórnarmaður í félaginu þegar hann gekkst undir ábyrgðina. Það dugi ekki til að lög um ábyrgðarmenn eigi

ekki við. Raunveruleg völd í félaginu hafi verið í höndum Ágústs Friðgeirssonar, sem einn hafi haft prókúru.

Stefndi vísar til þess að hann sé sonur stjórnarformanns félagsins. Þá sé mikill munur á aðstöðu sinni og stefnanda.

Stefndi byggir á því að stefnanda hafi borið að meta hæfi félagsins til að standa í skilum, sbr. 1. mgr. 4. gr. laga nr. 32/2009. Þá hafi átt að ráða honum frá því að gangast í ábyrgðina, ef aðstæður gæfu tilefni til, sbr. 3. mgr. Loks hafi stefnanda borið að upplýsa hann skriflega um þá áhættu sem væri samfara ábyrgðinni, sbr. 5. gr. laganna. Ekki sé neitt komið fram sem sýni að þessa hafi verið gætt.

Verði ekki fallist á að lögum um ábyrgðarmenn hafi gilt um ábyrgð stefnda, hafi þau þó gilt um ábyrgðina frá 15. desember 2010, þegar afskiptum stefnda af félaginu lauk. Frá þeim tíma hafi hann ekki haft nein tengsl við félagið og því hafi undantekningarákvæði 2. mgr. 2. gr. laganna ekki getað átt lengur við um ábyrgðina. Því hefði átt að gæta ákvæða 3., 4. og 5. gr., eða fella ábyrgðina niður að öðrum kosti. Þessa hafi ekki verið gætt.

Þar sem stefnandi hafi brugðist skyldum sínum samkvæmt lögum um ábyrgðarmenn, beri að víkja ábyrgðinni til hliðar, sbr. 36. gr. samningalaga nr. 7/1936. Stefndi vísar einnig til fordæmis í dómi Hæstaréttar í máli nr. 163/2005.

Stefndi telur að þó að hann hafi verið stjórnarmaður og framkvæmdastjóri í félaginu um skeið á árinu 2010, breyti það engu um skyldur stefnanda á þeim tíma er gengist var undir ábyrgðina og þegar afskiptum stefnda af félaginu lauk.

Varakrafa er studd við sömu sjónarmið og aðalkrafa. Verði ekki fallist á að víkja ábyrgðinni alfarið til hliðar, beri að gæta sömu sjónarmiða og lækka stefnukröfu. Vísar stefndi hér til 36. gr. samningalaga.

Stefndi og Ágúst Friðgeirsson gáfu skýrslur við aðalmeðferð málsins.

Ágúst Friðgeirsson sagði að Bisón ehf. hefði verið algerlega í sinni eigu. Stefndi Trausti hefði séð um rekstur verslunarinnar og þegið laun fyrir. Honum hafi ekki verið greitt neitt fyrir að gangast undir umrædda ábyrgð.

Stefndi Trausti sagðist ekki hafa átt neitt í félaginu. Hann hafi verið titlaður rekstrarstjóri, séð um innkaup, vaktaplön o.fl. Hann hafi verið beðinn um það af starfsmanni í Landsbankanum að gangast í umrædda ábyrgð. Hann kvaðst hafa slegið til í því skyni að liðka fyrir rekstrinum. Hann hafi ekki þegið neitt endurgjald fyrir. Þá kvaðst hann ekki hafa vitað nákvæmlega stöðu félagsins gagnvart bankanum þegar hann skrifaði undir. Hann mundi ekki nákvæmlega hversu lengi hann hefði starfað hjá félaginu. Tók hann svo til orða í skýrslu sinni að það hefði verið fram til þess er þeir hefðu selt félagið.

Stefnandi lagði fram í dóminum afrit af viðtali við stefnda er birtist í tímariti. Þar er Trausti sagður eigandi Bisón verslananna í Kringlunni og Smáralind. Segir að hann hafi þá fyrir um ári síðan keypt verslunina í Kringlunni og í framhaldi af því opnað verslun í Smáralind. Spurður um þetta viðtal gat

stefndi litlar skýringar gefið. Sagði að blaðamaðurinn hefði skrifað textann, hann gæti ekki borið ábyrgð á honum.

Samkvæmt skráningu í hlutafélagaskrá var stefndi varamaður í stjórn Bisón ehf., a.m.k. frá 18. ágúst 2009, þ.e. sama dag og hann undirritaði umrædda ábyrgðaryfirlýsingu. Faðir hans, Ágúst Friðgeirsson, var einn í stjórn.

Niðurstaða

Stefndi andmælir gildi ábyrgðar sinnar á skuldbindingum Bisón ehf. eingöngu á grundvelli laga nr. 32/2009 um ábyrgðarmenn. Hann staðfestir að hann hafi gengist undir ábyrgðina, en telur að henni beri að víkja til hliðar þar sem stefnandi hafi ekki gætt að reglum laganna.

Samkvæmt 2. mgr. 2. gr. er með orðinu ábyrgðarmaður átt við einstakling sem gengst í persónulega ábyrgð eða veðsetur eign sína til tryggingar efnudum lántaka, enda sé ábyrgðin ekki í þágu atvinnurekstrar ábyrgðarmannsins eða í þágu fjárhagslegs ávinnings hans, eins og segir í lögnum.

Stefnandi hefur leitt að því talsverðar líkur að stefndi hafi í reynd staðið fyrir rekstri Bisón ehf. Þegar stefndi gekkst undir ábyrgðina var hann varamaður í stjórn félagsins. Þá kynnti hann sig í tímariti sem eiganda fyrirtækisins. Getur hann ekki skorast undan því að þar sé rétt haft eftir honum, en textinn allur ber með sér að þar sé rætt við aðila sem öllu ræður í rekstri fyrirtækisins. Þá notaði hann orðalagið „í tvö ár áður en við seljum“ í aðilaskýrslu sinni, er hann svaraði spurningu um hvenær hann hefði starfað hjá fyrirtækinu.

Að þessu virtu hafa verið leiddar svo miklar líkur að því að stefndi hafi í raun verið stjórnandi fyrirtækisins Bisón ehf., að ekki er unnt að beita hér þeim ákvæðum laga um ábyrgðarmenn sem hann vísar til, sbr. 2. mgr. 2. gr. Varð þeim ekki beitt þegar hann gekkst undir ábyrgðina.

Samkvæmt gögnum settust nýir aðilar í stjórn félagsins 15. desember 2010, en stefndi og faðir hans hættu. Ábyrgðarsamningur aðila var þá í gildi og stefndi sagði honum ekki upp eða tilkynnti stefnanda um nýja hluthafa í félaginu. Þá heldur hann því ekki fram að skuldin hafi hækkað eftir að breytingar þessar urðu. Féll ábyrgðin ekki niður þótt ný stjórn tæki við í félaginu.

Verður ekki fallist á með stefnda að víkja beri ábyrgðarsamningnum til hliðar samkvæmt 36. gr. samningalaga. Er hvorki heimilt að fella samninginn alfarið úr gildi, né lækka kröfuna á stefnda. Verður því fallist á stefnukröfur málsins. Málskostnaður ákveðst 400.000 krónur, er tekið hefur verið tillit til virðisaukaskatts.

Jón Finnbjörnsson héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

D ó m s o r ð

Stefndi, Trausti Ágústsson, greiði stefnanda, Landsbankanum hf., 9.000.000 króna, með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 frá 18. mars 2011 til greiðsludags og 400.000 krónur í málskostnað.

Jón Finnbjörnsson